

# ÓÐINN OG BRÆÐUR HANS HEIMUR VERÐUR TIL



IÐUNN  
STEINSDÓTTIR  
ENDURSEGIR  
HLUTA  
SNORRA-EDDU  
FYRIR BÖRN

## KENNSLULEIÐBEININGAR OG VERKEFNI



NÁMSGAGNASTOFNUN  
09839

# INNGANGUR

## ÁGÆTV KENningarAR

---

Mig hafði lengi langað til að skrifa um okkar forna menningararf, sem Snorri Sturluson skráði í *Snorra Eddu*, og gera hann aðgengilegan börnum. Ýmsir höfundar, erlendir og íslenskir, hafa skrifað bækur og smásögur þar sem ein og ein saga er tekin út úr og byggt upp í kringum hana. Þetta eru yfirleitt skemmtilegar frásagnir en gefa ekki heildarmynd af þessum heimi.

Ég lét svo verða af því að setjast niður og skrifa þessa bók sem er sú fyrsta af þremur. Legg áherslu á að þetta er ekki kennslubók í ásatru heldur endursögn á sögunum úr *Gylfaginningu* og að hluta til úr *Skáldskaparmálum* eins og ég skil þær. Trúlega verða ekki allir sem hafa sökkt sér niður í þessi fræði sammála túlkun minni á ýmsum smáatriðum af því að hver sem les norræna goðafræði fær eigin sýn á þau og túlkar þau á sinn hátt. Og það er einmitt kostur þessara fornu fræða hve margt við getum lesið út úr þeim.

Eftir að hafa lesið og glugga í fræðibækur, ekki síst bók Anders Bæksted *Goð og hetjur í heiðnum sið*, skýrðust fyrir mér eiginleikar og hlutverk hinna ýmsu goða og gyðja. Reynt er að draga fram persónuleika þeirra ekki síst með samtölum. Samtölin eru að sjálfsögðu tilbúningur en gagnleg til að gefa persónunum líf. Mig langaði að rekja efnið í eins réttri röð og mögulegt væri. Það var að vísu nokkuð erfitt því að í þessu sögusafni rekur sig oft hvað á annars horn og ekki liggur alltaf ljóst fyrir hver tímaröðin er. Einnig var erfitt að átta sig á staðsetningu hluta, eins og til dæmis Ásgarðs. Var hann á himni eða jörðu? Ég leitaði til nokkurra fræðimanna og þeim bar saman um að það vissi enginn, ég yrði bara að mynda mér skoðun á því sjálf. Niðurstaðan varð því að hafa hann hátt uppi á fjöllum í miðju jarðar enda lærði ég, barn í skóla, að hann væri þar! Síðan byggja goðin að sjálfsögðu brú til himins, sem er regnboginn.

Eftir því sem ég vann lengur og las og grúskaði opnaðist það betur fyrir mér að þetta er töfraheimur og íbúarnir töframenn. Það þýddi þess vegna ekki að vera að ergja sig yfir því hvort einhver smáatriði pössuðu eða ekki, enda eru goðin síst í smáatriðunum!

## NOTKUN

---

Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika á því hvernig hægt sé að nota þessa bók í skólanum:

Kennari getur lesið bókina fyrir bekkinn í nestistímum og leyft svo nemendum að glíma við verkefnið hverjum fyrir sig eða nokkrum saman. Eða lofað bekknum að hlusta á hana af geisladiski sem verður fánlegur innan tíðar. Lesið og skrifað jafnóðum hjá sér athugasemdir í litla bók.

Nemendur geta sjálfir lesið bókina og fengið eftir á að velja sér verkefni úr henni til að vinna. Þeir geta myndað litla hópa, þriggja til fjöggra manna sem lesa kaflana saman og vinna svo saman úr þeim.

Sjálfsagt er að vinna sem fjölbreyttust verkefni við bókina. Það má hugsa sér að lesa, skrifa, teikna, ræða saman, kynna fyrir öðrum, jafnvel að semja tónlist við ákveðin atriði, búa til veggspjöld eða líkön, útbúa glærusýningu, taka upp leikin atriði á myndband og taka viðtöl við persónur bókarinnar.

## SAGNAGERÐ

---

Þetta efni er upplagt til sagnagerðar, ekki síst munnlegrar enda eru þetta upphaflega munnmælasögur sem hafa gengið frá kynslóð til kynslóðar.

Ef kennari vill frekar að nemendur skrifi sögurnar sínar gæti hann látið þá hafa sérstaka stílabók fyrir þær. Til dæmis gætu allir verið með eins bók, gula, rauða, græna eða bláa. Ég hef sjálf sem kennari góða reynslu af slíku. Nemendur gætu þá unnið verkefnið sem þeir svara skriflega í sömu bók sem yrði þeirra Edda!

## SAMLESTUR

---

Í Óðni og bræðrum hans er heilmikið af samtölum. Sumir kaflarnir gætu því hentað vel til samlestrar og ég hef á fjórum stöðum í þessum leiðbeiningum sett kafla eða hluta þeirra upp í samtalsformi. Nemendur geta lesið saman en einnig gætu þeir gengið lengra og leikið þessa kafla.

Hægt er að festa á myndband þegar nemendur lesa upp eða leika atriði úr bókinni. Svo má halda sýningu og bjóða gestum í heimsókn, krökkum úr öðrum bekkjum, kennurum, foreldrum.

## LESSKILNINGUR

---

Bein lesskilningsverkefni sem geta stuðlað á betri skilningi nemenda á efninu eru unnin úr fimm köflum. Ýmsar spurningar í verkefnunum reyna einnig á les- eða textaskilning.

*Gangi ykkur vel.  
Iðunn Steinsdóttir*

# UMRÆÐUEFNI OG KENNSLUHUGMYNDIR

Hér á eftir er farið yfir kafla bókarinnar og gefnar hugmyndir um umræðuefni. Síðan eru meðfylgjandi verkefni sem nemendur geta spreytt sig á í tengslum við valið efni úr bókinni ef kennurum sýnist svo.

## 1. kafli

### ÝMIR OG AUÐHUMLA

---

Hér má vekja athygli nemenda á því að bókin hefst áður en heimurinn sem við þekkjum varð til. En hvað var þá eiginlega áður en heimurinn varð til? Var e.t.v. veðrið komið. Hiti og kuldi? Hafa nemendur tekið eftir að þegar kalt er í veðri segjum við að nú sé norðanátt. Og svo þegar hlýnar er blessuð sunnanáttin komin. Kýrin Auðhumla er tilvalið söguefni enda gæti ýmislegt spennandi gerst ef hún birtist hér í dag.

## 2. kafli

### ÓÐINN OG BRÆÐUR HANS

---

Enn er hægt að skrifa sögu um Auðhumlu. Nemendur gætu líka borið saman söguna af henni og Búkollu sem var líka töfrakýr, sbr. Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina o. s. frv. Sjá verkefni 2. Lesskilningsverkefni fylgir kaflanum.

## 3. kafli

### HEIMUR VERÐUR TIL

---

Upplagt er að nemendur ræði málin og beri saman sköpunarsögur kristinnar og ásatrúar. Einnig er hér verkefni þar sem þeir eiga að gera grein fyrir því í hvað hinir ýmsu hlutar Ýmis voru nýttir.

## 4. kafli

### ASKUR OG EMBLA

---


Hér má rifja upp heiti Adams og Evu og bera sköpun Asks og Emblu saman við sköpun þeirra.

## 5. kafli

### DAGUR OG NÓTT

Í þessum kafla er tímanum skipt í nótt og dag. Einnig er Hrímfaxa getið og gefin skemmtileg skýring á því hvernig á morgundögg og hrími stendur. Vorin hér eru náttlaus og skammdegið svart. Vita nemendur hvenær Dagur er í fríi og hvenær Nótt? Einnig má kanna lesskilning með spurningum: Hvað finnst Narfa vera að á himnum? Hvaða skilyrði setur Nótt fyrir því að fara þangað upp? Hvers vegna varð Jörð svona þung á brún? Óðinn býður Jörð að tala við sig í stað móður sinnar. Nemendum skal bent á afleiðingar þess sem nefndar eru í þar næsta kafla.

Í þessum kafla er himinninn í brennidepli. Í verkefni nemenda er hann í miðjunni en síðan eiga þeir að fylla út í rammanna í kring með því sem er uppi á himni eða sem getur farið þangað. Þetta getur líka verið samvinnuverkefni.



## 6. kafli

### SÓL OG MÁNI

Það er ekkert spaug að hafa grimma úlfa eins og Skoll og Hata á hælunum á sér. Hér gætu nemendur leitað ráða til að fjarlægja þá. Þetta hentar vel til samvinnu. Einnig er lagt til að nemendur teikni mynd af eltingaleiknum á himni. Þessi kafli er líka settur upp í samlestrarformi.

## 7. kafli

### SONVR JARÐAR

Verkefnið með þessum kafla snýst um spámennsku. Lesskilningsverkefni fylgir einnig kaflanum.

## 8. kafli

### ÁSGARÐUR RÍS

---

Margt gerist í þessum kafla sem ber göldrum og tröllskap goðanna vitni. Stærðin á íbúðarhúsum þeirra er íhugunarefni. Kannski eru stórar blokkir hjá okkur í dag með 640 dyrum ef allar dyr innanhúss eru taldar. Til samanburðar er stungið upp á að nemendur telji dýrnar á skólanum sínum og einnig heima hjá sér.

## 9. kafli

### STRÍÐIÐ VIÐ VANI

---

Hver gæti ekki hugsað sér að setjast í Hliðskjálf og sjá yfir allan heim? Ekki síst ef við værum að fara í frí og vildum sjá hvar veðrið væri best! Nemendur eiga kost á að setjast í sæti Óðins og segja frá því eða skrifa um það sem fyrir augu ber. Reyndar sjáum við út um allan heim í sjónvarpinu hvort sem nemendur átta sig á þeim möguleika eða ekki, enda horfa sumir kannski mest á teiknimyndir. En í sjónvarpinu er efnið valið fyrir okkur. Í Hliðskjálf getum við ráðið því sjálf í hvaða átt við horfum.

Æsir og Vanir sömdu friðsamlega um stríðslok og báðir hópar gengu uppréttir frá þeim samningum. Hér væri hægt að minnst á ófriðinn í heiminum og vekja athygli á því að kannski væri stundum hægt að ljúka honum án þess að annar aðili sigraði og beygði hinn, einfaldlega með því að semja um frið. Lesskilningsverkefni fylgir kaflanum.

## 10. kafli

### BRÚIN MIKLA

---

Tilvalinn er samanburður á tilurð regnbogans hér og í Biblíunni.

## 11. kafli

### ASKUR YGGDRASILS

---

Í þessu verkefni gefst nemendum tækifæri til að ákveða og rökstyðja hvort það sé skemmtilegt að vera slefberi eins og Ratatoskur. Einnig er stungið upp á sagnagerð þar sem skapanornin Verðandi er í aðalhlutverki. Lesskilningsverkefni fylgir kaflanum. Þá er kaflinn allur settur upp í samlestrarformi.

## 12. kafli

### NÆTURNAR NÍV

---

Á bls. 68 í bókinni má sjá dálítið af viskunni sem Óðinn nam í askinum. Nemendur mega velja sér tvö atriði hver og útskýra hvers vegna þeir velja þau. Einnig mætti láta þá gera sögur um það hvernig þeir ætla að nota sér viskuna.

## 13. kafli

### UNGUR Í ANNAÐ SINN

---

Hvert tímabil á mannsævinni hefur sína kosti og sín vandamál. Hér mætti ræða um það við nemendur og tína til þær hugmyndir sem þeir hafa um það hvernig sé að verða gamall.

## 14. kafli

### ÞINGSTAÐUR OG DÓMSSTAÐUR

---

Konur gegna nú í ríkari mæli störfum sem karlmenn einir gegndu áður. Í þessum kafla var því öðruvísi farið, enda aðrir tímar. Það mætti ræða um hvers vegna konurnar þurftu sérstakt þinghús og af hverju þær fóru ekki með að velja dómsstaðinn. Voru þær kannski hvorki þingmenn eða dómara?

## 15. kafli

### ÍBÚAR Í VALHÖLL

---

Týr, Þór og Óðinn hafa ólíka sýn á það hvernig sé rétt að berjast. Týr leggur áherslu á að menn heyi bardaga eftir gildandi reglum. Þór segir að reglur skipti engu máli, bara aflið og viljinn til að böðlast áfram og bjarga sér. Og Óðinn segir að aðalatriðið sé að vinna bardagann. Mennt verði að kunna að beita brögðum og töfrum ef vopnfimi dugi ekki til sigurs.

Þetta efni er tilvalið að ræða því enn í dag lenda menn, oft tilteknir nemendur, í útistöðum hver við annan. Ofbeldi í þjóðfélaginu er orðið grimmara en áður þekktist og því tímabært að vekja nemendur til umhugsunar um það hvort einhverjar reglur og þá hverjar ættu að gilda í þeim efnum. Lesskilningsverkefni fylgir kaflanum.

Í lokin er stungið upp á að nemendur velji þann kafla sem þeim fannst skemmtilegastur og segi frá honum.

## ÝMIR OG AUÐHVMLA

---

Hrímpursinn Ýmir var úr klaka og frosti og þoldi ekki hita.  
Í bókinni er mikið af alls konar þursum.  
Hvaða önnur orð mætti nota yfir þá? \_\_\_\_\_

---

Kuldinn kom úr Niflheimi.  
Í hvaða átt ætli hann hafi verið? \_\_\_\_\_

Hitinn kom úr Múspellsheimi.  
Hvar skyldi hann hafa verið? \_\_\_\_\_

Auðhumla var góð kýr og mjólkaði vel.  
Hugsaðu þér að í heimabyggð þinni,  
hvort sem þú býrð í sveit, borg eða bæ,  
sé svona kýr og úr spenunum streymi fjórar mjólkurár.  
Hvar ætli hún ætti heima? Hvert flæðir mjólkin?  
(kannski um umferðargötur eða inn í garða og hús.) \_\_\_\_\_

---

- Gerðu sögu um kúna og segðu hinum krökkunum hana.
- Gaman væri að teikna líka myndir til að sýna með og skrá svo söguna.

Þú ræður hvort þú skrifar á blaðið, í stílabók eða á tölvu.

---



---



---



---



---



---



---



---



## ÓÐINN OG BRÆÐUR HANS

Finnst þér skrátið hvernig Búri varð til?

Af hverju? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Þekkirðu söguna um Búkollu? Var hún alveg venjuleg kýr? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Berðu hana saman við Auðhumlu. Ætli þær eigi eitthvað sameiginlegt? Skrifaðu það sem þér dettur í hug.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað ætli gerðist ef einhver dularfull kýr í heimabyggð þinni færi að sleikja steina? Reyndu að gera sögu um það.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## HEIMUR VERÐUR TIL

Finnst þér trúlegt að hægt sé að búa til heim úr skrokki á jötni? Rökstyddu svarið. Af hverju? Af hverju ekki?

---



---



---

Nú skaltu tengja saman hvað varð að hverju:

kjöt	sjór og vötn
bein	ský
ormar	björg
hauskúpa	jörð
blóð	skógur
heili	dvergar
jaxlar	himinhvolf
hárið	urð og grjót

Í kristinfræðibókinni Regnboginn er saga um það hvernig Guð kristinna manna skapaði heiminn. Lestu hana og berðu saman við söguna hér.

Er eitthvað líkt í þessum sögum? Skrifðu um það sem er líkt og ólíkt. Hvor sagan finnst þér trúlegri? Rökstyddu svarið.

---



---



---



---



---



---

ASKUR OG EMBLA

---

Hvað hétu fyrstu mennirnir sem guð í Biblíunni skapaði?

---

Hvað gaf hver bræðranna fyrstu mönnunum í þessari sögu?

---

Tengdu saman:

	vit til að gera rétt
	nafnið Embla
Óðinn	líf
	andlit
Vilji	eyru og augu
	hæfileikinn til að hreyfa sig
Vé	andi
	nafnið Askur
	munni til að tjá sig

## DAGUR OG NÓTT

Á sumrin er grasið blautt á morgnana þó það sé sól og blíða.  
 En í frosti á veturna er eins og hvít slæða yfir öllu.  
 Í kaflanum sem þú varst að lesa er gefin skýring á þessu.  
 Hver er hún?

---


Á hvaða tíma ársins á Dagur næstum alltaf frí? \_\_\_\_\_

En Nótt? \_\_\_\_\_

Hvaða skilyrði setti Nótt til að fara upp á himin? \_\_\_\_\_

---

Settu í bólurnar í kringum orðið himin  
 allt sem þú manst eftir að sé á himninum  
 og líka það sem ferðast stundum upp í hann.



SÓL OG MÁNI

---


Reyndu nú að finna ráð til að fjarlægja Skoll og Hata.  
Berðu þig saman við hina krakkana,  
það gæti tekist ef þið vinnið vel saman.

Skrifaðu nokkur orð um það. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Teiknaðu mynd af himninum og láttu alla sjást  
sem voru komnir þangað í lok kaflans.



## SONUR JARÐAR

Í hvað spáði völvan sem Vilji og Vé hittu? \_\_\_\_\_

Hefur þú prófað að spá? \_\_\_\_\_

Í hvað eða hvernig gætir þú helst hugsað þér að spá? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Fáðu einhvern með þér til að útbúa samtalspátt  
þar sem einhver spáir fyrir öðrum. Skráið hann niður.

Segið frá spánni og hvernig sá sem spáð var fyrir þessu.

Ætli spáin hafi ræst? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## ÁSGARÐUR RÍS

Í þessari bók geta ýmis dýr dregið kerrur og flogið.  
Frá því er sagt á blaðsíðum 23, 34 og 39.

Hvert þeirra mundirðu velja þér ef þú gætir valið? \_\_\_\_\_

Hvers vegna? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Hefur þú séð hús með 640 dyrum?

Segðu frá því ef svo er. \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Hvað eru margar dyr í skólanum þínum? \_\_\_\_\_

Teldu þær. En heima hjá þér? \_\_\_\_\_

Nú er búið að skipta jörðinni í þrennt. Hvar búa:

Jötnar? \_\_\_\_\_

Æsir? \_\_\_\_\_

Mennirnir? \_\_\_\_\_

## STRÍÐIÐ VIÐ VANI

Þegar Óðinn sat í Hliðskjálf sá hann um allan heim.  
Getur þú séð eitthvað sem gerist óralengt í burtu

án þess að setjast í Hliðskjálf? \_\_\_\_\_

Hvernig ferðu að því? \_\_\_\_\_

Hugsaðu þér að hásæti eins og Hliðskjálf væri á hverju heimili?

Hvert heldurðu að fólk mundi helst horfa? \_\_\_\_\_

strákar \_\_\_\_\_

stelpur \_\_\_\_\_

pabbar \_\_\_\_\_

mömmur \_\_\_\_\_

afar \_\_\_\_\_

ömmur \_\_\_\_\_

Hvað mundi þig mest langa til að sjá? \_\_\_\_\_

Á okkar tímum eru oft háð stríð einhvers staðar í heiminum.  
Hvað ætli sé hægt að gera til að ljúka þeim

svo að allir aðilar séu sáttir? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



## BRÚIN MIKLA

Í Biblíunni er sérstök skýring á því  
hvernig regnboginn varð til.  
Lestu hana og berðu saman við söguna um Bifröst.

Hvor finnst þér trúlegri? \_\_\_\_\_

Rökstyddu svarið. \_\_\_\_\_

Hugsaðu þér að þú getir gengið eftir regnboganum, eins og Æsir gerðu.  
Lýstu ferðalaginu í máli og myndum.  
Lokaðu augunum og gefðu ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Byrjaðu svo að teikna. Síðan skaltu skrifa texta við myndirnar.  
Eða öfugt, byrja fyrst að skrifa og myndskreyta svo. Hvort sem þér finnst betra.

---

---

---

---

---

---

---

---

ASKUR YGGDRASILS

---

Mundir þú vilja vera í hlutverki Ratatosks  
sem ber illindi á milli Níðhöggs og arnarins? Röksyddu svarið.

Hvers vegna? \_\_\_\_\_

Hvers vegna ekki? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Nú skaltu búa til sögu þar sem Verðandi  
er aðalpersónan og flýgur á svaninum sínum  
til að skapa nýfæddu barni örlög.  
Sem er það sama og að segja  
hvað muni koma fyrir þetta barn í lífinu.  
Verðandi gæti lent í kappflugi við norn  
og ýmislegt fleira gæti gerst.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## NÆTURNAR NÍV

Skoðaðu blaðsíðu 68 og veldu eitthvað tvennt sem þú mundir vilja kunna. Segðu frá því sem þú valdir og líka hvernig þú ætlar að nota það.

---

---

---

---

Nefndu dæmi um það hve vel Heimdallur sá og heyrði.

---

Svo skaltu búa til annað dæmi þar sem þú ræður hvað Heimdallur heyrir og sér.

---

---

---

Það gæti komið sér vel að hafa svona góða heyrn. Nefndu dæmi.

---

---

---

## UNGVUR Í ANNAÐ SINN

Hvernig gat Óðinn orðið ungur í annað sinn? \_\_\_\_\_

Nú skaltu finna þína eigin leið til að gefa gömlu fólki  
æskuna á ný og búa til sögu  
um einhvern sem þú yngir upp.  
Mundu að segja hvers vegna þú valdir  
einmitt þennan einstakling.

---

---

---

---

---

---

Hvernig líkaði honum að vera orðinn ungur aftur? \_\_\_\_\_

Saknaði hann einhvers sem hann hafði haft  
þegar hann var gamall?

Hvað var það? \_\_\_\_\_

---

---

---

---

ÞINGSTAÐUR OG DÓMSSTAÐUR

---

Pegar goðin fóru upp Bifröst  
og völdu dómsstaðinn hjá Urðarbrunni  
voru gyðjurnar ekki með.

Þær fengu sem sagt ekki að vera dómara.  
Hvað finnst þér um þetta?

Rökstyddu svarið. \_\_\_\_\_

---

---

Hvernig er þetta hjá okkur í dag? Skrifðu eitthvað sem þú veist um jafnrétti  
kynjanna á okkar tímum. Reyndu að nefna a.m.k. eitt gott dæmi og eitt slæmt.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## ÍBÚAR Í VALHÖLL

---

Óðinn, Þór og Týr höfðu ólíkar skoðanir á því hvernig ætti að velja einherja.

Lestu um það á blaðsíðum 84 og 85 og segðu svo hvaða aðferð þér finnst rétt og hvers vegna.

---



---



---

Hver gerir hvað? Tengdu saman.

Freyja	stillir vinda og lægir öldur
Njörður	skáldskaparguð
Frigg	ræður sigri í orustum
Týr	alfaðir
Iðunn	stjórnar frjósemi náttúrunnar
Bragi	þekkir örlög manna
Freyr	ástargyðja

Veldu nú þann kafla í bókinni sem þér finnst skemmtilegastur og segðu frá honum.

---



---



---



---



---



---



---



---

### ÓÐINN OG BRÆÐUR HANS

---

Auðhumla naut lífsins. Hrímpursarnir höfðu að sjálfsögðu ekki rænu á að hugsa um að fóðra hana enda var ekkert gras eða hey þarna á ísnum. En henni var sama. Hana langaði ekki í gras. Hins vegar var hún vitlaus í salt og hrímgáðir steinarnir í kringum hana voru allir brimsaltir. Henni leist sérstaklega vel á einn sem skagaði upp í loftið og var óvenju hrímugur. Hún stóð heilan dag og sleikti hann, gat bara ekki hætt, saltið var svo gott. En um kvöldið spratt mannshár upp úr steininum. Næsta dag hélt hún áfram að sleikja og þá birtist höfuð. Hún vaknaði snemma morguninn eftir og þegar hún hafði sleikt og kjamsað á saltinu allan heila daginn steig maður út úr steininum.

Þetta var hávaxinn maður, ákaflega fallegur. Auðhumla horfði hissa á hann og baulaði hástöfum.

– Hvað ætli hún sé að segja? hugsaði maðurinn.

– Bu, bu, bu! baulaði Auðhumla.

– Kannski er hún að segja mér hvað ég heiti. En ég vil ekki heita Bu, það er best að ég kalli mig Búra. Búra fannst leiðinlegt að vera einn og hann langaði ekki að kynnst hrímpursunum. Þeir voru svo stórir og frekir og hrintu honum alltaf frá þegar hann ætlaði að fá sér mjólk. Hann litaðist um, fór í göngutúra og könnunarleiðangra og á endanum hitti hann fleira fólk og líka jötna. Bráðlega náði hann sér í konu og eignaðist son sem þau kölluðu Bor.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Af hverju fékk Auðhumla ekki gras? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað fannst henni best að borða? \_\_\_\_\_

Hvað spratt upp úr stóra steininum?

a) fyrsta kvöldið b) daginn eftir c) þriðja daginn. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað hélt Búri að Auðhumla væri að segja við sig? \_\_\_\_\_

Hvað gerðu hrímpursarnir þegar Búri ætlaði að fá sér mjólk? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvernig fór hann að því að kynna fólki og jötnum sem honum líkaði við?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



### SONVR JARÐAR

---

Einn daginn héldu Vilji og Vé í suðurátt og stönsuðu ekki fyrr en þeir komu að ströndinni. Þeir sáu að handan við hafið mikla logaði eldurinn í Múspellsheimi og hitinn sem barst frá honum var næstum því óþolandi.

– Ekki trúi ég að nokkur sála búi í þessum skelfilega heimi, sagði Vé.

– Þar er ég hrædd um að þér skjátlist, heyrðist ráam raust segja að baki þeirra. Þeir litu við og sáu skorpna kerlingu með fangið fullt af laufblöðum.

– Hvað veist þú um þennan heim? spurði Vilji.

– Ég veit mínu viti enda spái ég í himintunglin og les laufblöðin, einkum þegar þau visna, svaraði kerla.

– Og hverjir heldurðu þá að séu þarna? spurði Vé.

– Eldþursarnir, Múspellssynir. Hafið þið aldrei heyrt minnst á Surt?

Bræðurnir hristu höfuð.

– Hann er útvörður, gætir þess að enginn komi inn í landið. Eins og einhvern langi nú í þennan skelfilega hita.

– Satt segirðu og sjálfsagt eru þeir best geymdir þarna, langt frá okkur hinum, sagði Vé.

Þá brosti völvan raunalega.

– Sú stund rennur að þeir koma siglandi á Naglfari og eyða öllu sem fyrir þeim verður.

– Naglfari? Vilji varð eins og spurningarmerki.

– Skipinu sem þeir eru að smíða. Það er gert úr nöglum af dauðum mönnum sem hafa ekki verið snyrtir eftir andlátið. Múspellssynir munu ganga í lið með ógnaröflum sem eyða heiminum einhvern tímann í framtíðinni.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Hvað hét heimurinn í suðri? \_\_\_\_\_

Hvernig gat kerlingin vitað eitthvað um þennan heim? \_\_\_\_\_

Hvaða hlutverk hafði Surtur? \_\_\_\_\_

Hvernig þursar voru Múspellssynir? \_\_\_\_\_

Hvað hét skip Múspellssona og úr hverju var það búið til? \_\_\_\_\_

Hvað ætluðu þeir sér að gera einhvern tímann í framtíðinni? \_\_\_\_\_

### STRÍÐIÐ VIÐ VANI.

---

- Ég legg til að við semjum frið og skiptumst á gíslum til að tryggja hann, sagði Óðinn.
- Það finnst mér viturlegt. Við bjóðum ykkur Njörð sem stillir vinda, lægir öldur og slekkur eld, sagði æðsti vaninn.
- Ég er fús til að fara í Ásgarð en ég tek þá fjölskylduna með mér, sagði Njörður.
- Hverjir eru í henni? spurði Þór forvitinn.
- Fyrst og fremst systir mín og eiginkona, svaraði Njörður og leiddi glæsilega konu fram.
- Systir og eiginkona! Áttu við að þú hafir kvænst systur þinni? Vé kom varla út úr sér orðunum fyrir viðbjóði.
- Auðvitað, það er siður hér að systkini giftist, svaraði Njörður.
- Slíkt gengur ekki í Ásgarði. Ef þú kemur verðurðu að skilja hana eftir, sagði Óðinn ákveðinn.
- Ég vona þó að sonur minn og dóttir fái að koma með, sagði Njörður.
- Ég er sonurinn og heiti Freyr. Mér líst vel á að flytja í Ásgarð, sagði fallegur ungur maður.
- Óðinn brosti út að eyrum.
- Ég hef heyrt þín getið og þykist vita að þú ráðir ávexti jarðar, sagði hann.
- Já, frjósemin í náttúrunni er mitt sérsvið, svaraði Freyr.
- Varla yrði nú mikil frjósemin hjá mannfólkinu ef ég væri ekki hér, sagði systir hans.
- Óðinn horfði á hana. Þarna var komin konan með kettina. Og hálsmenið glitraði á barminum.
- Freyja sá að hann horfði á menið og sagði brosandi: - Þetta er Brisingamen. Ég skil það aldrei við mig.
- Þið eruð innilega velkomin í Ásgarð og á móti býð ég Hæni sem er öllum mönnum höfðinglegri. Ég vil að Mímir fylgi honum. Hann er vitrastur þeirra sem sest hafa að hjá okkur ef ég er undanskilinn, sagði Óðinn. Þar með var friður saminn og ákveðið að innsigla hann í Ásgarði að nokkrum tíma liðnum.

Spurningum má svara munnlega, skriflega, einn eða í samvinnu.

Hvaða hlutverk hafði Njörður? \_\_\_\_\_

Hvers vegna mátti hann ekki taka konuna sína með í Ásgarð? \_\_\_\_\_

Hvert var sérsvið Freys? \_\_\_\_\_

Hverju stjórnaði Freyja og hvað hafði hún um hálsinn? \_\_\_\_\_

Hvað sagði Óðinn um Mími? \_\_\_\_\_

Hvað átti að að gera í Ásgarði að nokkrum tíma liðnum? \_\_\_\_\_

## ASKUR YGGDRASILS

---

– Ég er Urður og hér eru Verðandi og Skuld, svaraði konan og benti á stöllur sínar.

Varla hafði hún sleppt orðinu þegar sú sem bar nafnið Verðandi kipptist til.

– Nú fer ég, barn er að fæðast. Hún settist á bakið á öðrum svaninum og hann flaug af stað með hana.

– Hvað var nú þetta? spurði Óðinn undrandi.

– Við erum skapanornir og ráðum fyrir lífi og aldri fólks, sagði Urður.

– Jæja, ekki vissi ég að þess þyrfti, tautaði Óðinn.

– Nei, þú vissir það náttúrulega ekki. Þið bræðurnir sköpuðuð Ask og Emblu, skákuðuð þeim inn í Miðgarð og skipuðuð þeim að fylla hann af fólki. Þið hefðuð kannski átt að hugsa fyrir því að einhver þyrfti að hjálpa því og leiðbeina svo að það gæti lifað góðu lífi, sagði Skuld hvasst.

– Góðu lífi! Ég er nú búinn að koma í Miðgarð oftar en ég get talið og þar fer misvel um mannfólkið. Sumir eru bláfátækir og margir deyja áður en þeir eru almennilega farnir að lifa lífinu, hreytti Þór út úr sér.

– Það er ekki okkar sök. Við sköpum mönnum langt líf og ríkulegt. En aðrar nornir sem koma frá álfum og dvergum verða stundum á undan okkur og þær valda illum örlögum. Þess vegna lá Verðandi svona mikið á þegar hún varð þess vör að barn var að fæðast. Þetta er eilíft kapphlaup, sagði Urður.

– Það er virðingarvert að þið skulið hugsa um mennina og bera hag þeirra fyrir brjósti. En eitt skuluð þið muna: Við gáfum þeim lífið og stærri gjöf getur enginn hlotið, sagði Óðinn.

Spurningum má svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu.

Hvað voru Urður, Verðandi og Skuld kallaðar? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvernig ferðaðist Verðandi? \_\_\_\_\_

Af hverju var Skuld ekki ánægð með það hvernig bræðurnir skildu við Ask og Emblu?

Hvað fannst henni vanta? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hverjir sköpuðu mönnum ill örlög? \_\_\_\_\_

Hvað ætlaði Verðandi að reyna að gera? \_\_\_\_\_

Hver var stærsta gjöfin sem mennirnir höfðu fengið og hver gaf þeim hana?

\_\_\_\_\_

## ÍBÚAR Í VALHÖLL

Þegar Óðinn kom út á tröppur morguninn eftir sat þar maður með hvíta svuntu og gríðarstóran pott sér við hlið. Neðan við tröppurnar kúrði myndarlegur göltur. Maðurinn spratt á fætur þegar hann sá Óðin.

– Andhrímnir heiti ég og ólyginn sagði mér að hér væri vinnu að fá. Ég er reiðubúinn að sjá um matinn í Valhöll um ókomin ár og legg skepnuna hérna á borð með mér, sagði hann.

– Það er vissulega vel boðið en ég er hræddur um að maturinn endist ekki lengi. Nú fjölgar brátt á bænum og gestirnir mínir koma til með að skipta þúsundum, svaraði Óðinn.

– Það skiptir ekki máli hversu margir þeir verða. Ég steiki grísinn minn, Sæhrímni, hvern dag, sýð hann í pottinum Eldhrímni og kjötið endist svo lengi sem nokkur hefur lyst. Að kveldi rís hann svo upp alheill, slakar á og sefur af nóttina til að verða mjúkur undir tönn næsta dag.

– Þetta líst mér vel á, ég ræð þig hér og nú til starfsins, sagði Óðinn glaður og strauk sér um höfuðið sem var allt í einu orðið vott í öllu sólskininu.

– Hvurslags er þetta, farið að rigna úr heiðskíru lofti, tautaði hann og strauk af sér bleytuna.

– Þetta er ekki rigning, skríkti Andhrímnir. Hann rétti fram höndina og safnaði nokkrum dropum í hana.

– Smakkaðu á, sagði hann við Óðin.

Óðinn dreypti á vökvanum og bros breiddist yfir andlitið.

– Þetta er mjöður og aldeilis ekki af verri endanum, sagði hann og leit upp til að sjá hvaðan þetta góðgæti kæmi. Og þá sá hann skrítna sjón. Uppi á Valhöll var geit að rífa í sig safarík blöð af tré sem slúttu yfir þakið. Úr spenunum draup þessi dýrðlegi vökvi og rann niður til þeirra.

– Þetta er hún Heiðrún. Nú held ég að þið þurfið ekki að óttast að mjöðinn skorti í veislurnar. Hún er ótæmandi og ekki spillir fæðið sem hún fær þarna uppi, sagði Andhrímnir.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Hvernig var Andhrímnir klæddur? \_\_\_\_\_

Hvers vegna kom hann til Valhallar? \_\_\_\_\_

Hvað hét grísinn og hvernig ætlaði Andhrímnir að elda hann? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað gerði Sæhrímnir alltaf eftir kvöldmat? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað var Heiðrún að gera uppi á þaki á Valhöll? \_\_\_\_\_

Af hverju þurftu Æsir ekki að óttast að mjöðinn skorti í veislurnar þeirra?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



## ASKUR OG EMBLA

Persónur: Pulur, Óðinn, Vilji, Vé, Askur, Embla

---

**Pulur:** Óðinn, Vilji og Vé gengu saman niður að strönd. Hafið var dimmblátt og öldurnar gjálfrúðu við steinana í fjörunni og skvettu söltu vatni yfir tvo trjáboli sem sjórin hafði fleytt að landi.

**Vé:** En hvað þessi tré eru myndarleg. Það er skömm að láta þau grotna niður hér.

**Vilji:** Eigum við að búa eitthvað til úr þeim?

**Pulur:** Þeir lyftu trjánum og hugsuðu sig um.

**Vé:** Ég ætla að gefa þeim líf og anda.

**Vilji:** Þá er eins gott að ég gefi þeim hæfileikann til að hreyfa sig og vit til að gera það rétt.

**Pulur:** Samstundis tóku trén að breytast. Stofninn klofnaði í tvennt að neðanverðu og varð að fótum en greinarnar að handleggjum og höndum. Krónurnar vöðluðust saman og urðu eins og bolti ofan á búknum. Svo stauluðust þau af stað og fálmuðu í kringum sig eins og þau væru að leita og átta sig á tilverunni.

**Óðinn:** Þetta gengur ekki, þau hafa enga hugmynd um hvar þau eru stödd. Ég ætla að breyta þessum hnöttum í höfuð og setja á þau andlit. Svo gef ég ykkur eyru sem heyra illt og gott, augu sem sjá liti og líf, og munn sem tjáir allt sem ykkur langar til að segja.

**Pulur:** Og fyrir en varði stóðu maður og kona á ströndinni og horfðu undrandi hvort á annað.

**Embla:** Hvað heitirðu?.

**Vilji:** Ég held að hann heiti Askur.

**Vé:** Og þú heitir Embla.

**Askur og Embla:** Við þökkum ykkur fyrir að gefa okkur lífið. En hvað eigum við eiginlega að gera við það?

**Óðinn:** Mér finnst best að þið ákveðið það sjálf. Ég er viss um að ykkur dettur eitthvað skemmtilegt í

hug.

**Pulur:** Þau litu hvort á annað, kinkuðu svo kolli og gengu af stað eftir ströndinni. Bræðurnir stóðu eftir ánægðir með afrekið og ákváðu að taka því rólega það sem eftir var dagsins. En allt í einu hvíslaði Vé.

**Vé:** Sjáið þið alla hrímþursana. Ég er hræddur um að þeir ætli að ráðast á Ask og Emblu.

**Pulur:** Hinir litu út eftir ströndinni og sáu hvar hópur af þessum stórstígum jötnum þrammaði á eftir skötuhjúunum.

**Óðinn:** Komið þið strax, við verðum að hjálpa þeim!

**Pulur:** Þeir gripu lurka úr fjörunni og hentust af stað. Ferðin á þeim var slík að þursarnir flýðu æpandi í allar áttir þegar þeir ruddust gegnum hópinn og sveifluðu bareflunum í kringum sig.

**Embla:** Eruð þið bara komnir?

**Vilji:** Já, hrímþursinn Bergelmir og hyski hans var að elta ykkur. Við hröktum þá í burtu.

**Askur:** Nú?

**Pulur:** Askur og Embla litu spyrjandi á hann. Þau vissu greinilega ekkert um hrímþursa.

**Vé:** Þetta er leiðindalið og þeir hafa áreiðanlega ætlað að gera ykkur eitthvað illt.

**Óðinn:** Þessvegna ætlum við fara með ykkur nær miðju jarðarinnar. Þar ættuð þið að vera örugg.

**Pulur:** Svo gengu þau af stað langar leiðir yfir fjöll og firnindi. Á endanum fundu þau geysimikið og búsældarlegt svæði sem var vel varið því að augnabráunir Ýmis mynduðu háa múra í kringum það.

**Óðinn:** Þennan stað skulum við nefna Miðgarð og hér eiga mennirnir að búa en hrímþursar og bergrisar verða úti við sjóinn,.

**Vé:** Já, þeir verða í Útgarði.

**Óðinn:** Mér þykir líklegt að hér fari vel um ykkur,.

**Pulur:** Askur og Embla horfðu hrifin í kringum sig. Við þeim blöstu grænar grundir og svipmikil fjöll með kliðandi lækjum í hlíðunum.

**Óðinn:** Ég vona að með tímanum fyllist þessi fallegi staður af fólki.

**Þulur:** Rétt í því heyrðist hvás og þytur í lofti og tveir kettir komu fljúgandi og drógu á eftir sér glæstan vagn sem ljómandi falleg kona sat í. Hún var með hálsmen svo fagurt og glitrandi að þeir fengu ofbirtu í augun. Hún horfði um stund brosandi á Ask og Emblu og hottaði svo á kisurnar sem hækkuðu flugið og hurfu út í blámann. Vilji og Vé horfðu hugfangnir á eftir henni. Askur og Embla litu ljómandi augum hvort á annað.

**Askur og Embla:** Við skulum gera okkar besta til að fjölga fólki hér í Miðgarði.

**Þulur:** Þau stóðu sannarlega við orð sín og innan skamms var orðið fullt af fólki á Jörðinni.

## SÓL OG MÁNI

Persónur: Pulur, Óðinn, Vilji, Vé, Mundilfari, Máni, Sól, Hjúki, Jörð

---

**Pulur:** Einhverju sinni þegar Vilji og Vé vöknudu sat Óðinn þungbúinn á svip og starði fram fyrir sig. Hann tók ekki undir þegar þeir buðu góðan dag.

**Vé:** Er eitthvað að?

**Óðinn** (geðvonskulegur): Ég er orðinn þreyttur á þessu, sólin æðir fram og aftur um himininn og tunglið er á þeytingi á undan henni. Þau flýta sér alltof mikið, ég vil hafa reglu á hlutunum og þoli ekki svona læti.

**Vilji:** Það er rétt hjá þér, ég skil ekki hvers vegna þeim liggur svona mikið á. Við verðum að athuga hvað við getum gert í málinu.

**Pulur:** Þeir röltu af stað og reyndu að láta sér detta ráð í hug. Áður en þeir vissu af voru þeir komnir í Miðgarð og þar mættu þeir manni sem Mundilfari hét og tveimur uppkomnum börnum hans.

**Vilji:** (gónir á dótturina og hvíslar): Hvað heitir dóttir þín?

**Mundifari:** Þetta er hún Sól og hér er Máni sonur minn.

**Óðinn:** Hvernig dettur þér í hug að kalla þau Sól og Mána? Veistu ekki hver sólin er og hvað hún gerir fyrir þig? Vísast værirðu margdauður úr kulda ef hennar nyti ekki við.

**Vé:** Og trúlega þætti þér myrkrið svart þegar sólin bregður sér frá ef máninn sæi ekki um að lýsa það upp.

**Mundifari:** Mér fannst börnin mín bara svo falleg að það hæfði þeim að heita Sól og Máni og þau bera nöfnin með sóma.

**Pulur:** Allt í einu fékk Vé hugmynd. Hann hvíslaði henni að Óðni og þá léttist aldeilis á honum brúnin.

- Óðinn:** Víst bera börnin þín nöfnin með sóma en þó verður þú að gjalda fyrir þennan hroka með því að afhenda okkur þau.
- Máni:** Hvað á að gera við okkur?
- Óðinn:** Þið verðið sett upp á himininn og aðstoðið sólina og mánann á ferð sinni um himinhvolfið.
- Máni:** Ænei, mér leiðist svo að vera einn.
- Mundifari:** Einmitt, hann vill ekki vera einn. Þess vegna fer hann ekki fet.
- Vilji:** Þú ert ekkert einn, máninn er með þér.
- Máni:** Hann kann örugglega ekkert að tala.
- Pulur:** Óðinn skildi strákinn vel, hann leit í kringum sig og kom auga á tvo unglunga sem böksuðu áfram með stórt og mikið ker, greinilega níðþungt. Það hékk niður úr stöng sem þau báru á milli sín.
- Óðinn:** Hæ, þið þarna, eruð þið ekki þreytt að rogast með þetta?
- Hjúki:** Jú, það er svo rosalega þungt.
- Óðinn:** Ég sting upp á að þið leggið það frá ykkur og farið með Mána upp á himin. Hann á að stjórna gangi nafna síns og þarf að fá einhverja með sér.
- Mundifari:** Hver á þá að bera vatnið alla leið frá Byrgisbrunni fyrir Viðfinn? Hann er orðinn slitinn í öxlunum og á ekki önnur börn en Bil og Hjúka.
- Óðinn:** Það kemur okkur ekki við. Við þurfum að koma reglu á sól og mána.
- Mundifari:** Þá skulið þið bara fara sjálfir. Ég kæri mig ekki um að börnin mín verði úlfunum að bráð.
- Óðinn:** Hvaða úlfum?
- Mundifari:** Nú, Skoll og Hata sem elta sól og mána, þið hljótið nú að hafa séð þá.
- Pulur:** Bræðurnir litu hver á annan, þeir höfðu ekki sett neina úlfa upp á himininn. Þeir horfðu upp í himininn.
- Vilji:** Sveimér þá, þetta er rétt, ég sé úlfana. Hvaðan í ósköpunum koma þeir?
- Sól:** Þeir eru synir skelfilegrar skessu sem býr ásamt systur sinni í skóginum Járnviði hér austan við

Miðgarð. Hún hefur sjálfsagt verið orðin þreytt á græðginni í þeim og þess vegna sent þá frá sér þarna upp.

**Máni:** Þeir eru stórhættulegir.

**Mundifari:** Svo koma karlar eins og þið, ryðjast hingað inn og ætla að senda börnin okkar í svona lífshættu án þess svo mikið sem að spyrja leyfis.

**Sól:** Faðir minn, ég hef grun um að þetta séu engir venjulegir menn. Þá væru þeir ekki að skipta sér af gangi himintunglanna.

**Óðinn:** Það er rétt hjá dóttur þinni. Við erum ekki menn heldur guðir.

**Vé:** Hann er elstur okkar og er stundum nefndur Óðinn alfaðir.

**Sól:** Mig langar ekki að skilja við þig, faðir minn. En ef ég get gert fólkinu á Jörðinni lífið bærilegra með því að fara þarna upp þá finnst mér ég verða að gera það.

**Þulur:** Mundilfari andvarpaði og þóttist sjá að leikurinn væri tapaður. Hann kvaddi börnin sín með sorg í hjarta en þau brostu og föðmuðu hann að sér.

**Sól:** Þú getur alltaf séð okkur á himni.

**Þulur:** Óðinn valdi tvo knáa hesta handa henni. Þeir nefndust Árvakur og Alsvinnur. Vilji og Vá settu vindbelgi undir þá til kælingar af því að þeir áttu að draga kerru sólarinnar sem var býsnaheit. Svo settist Sól upp í kerruna og hélt til himins. Þegar þangað kom og hún sá úlfana leist henni ekki meira en svo á blikuna. Þeir æddu yfir himinhvolfið og Skoll var rétt á hælum nöfnu hennar sem var á æðisgengnum flóttu. Hati hljóp á undan sólinni og reyndi að glefsa í mánann.

**Sól:** Ég geri það sem ég get og það hlýtur að duga.

**Þulur:** Hún stöðvaði kerruna og beið eftir að nafna kæmi. Innan skamms birtist hún á fleygferð og rúllaði beint upp í kerruna. Þá var Sól ekki sein á sér að slá í hestana. Skoll glennti upp glyrnurnar og stansaði aðeins til að átta sig á þessu en hljóp svo aftur af stað á eftir þeim.

**Vilji:** Mér sýnist þetta hafa tekist vel og reynið þið nú að koma mánanum á braut.

**Máni:** Má ég stjórna honum eftir mínu höfði?

**Óðinn:** Já, við treystum þér. Þú þarft bara að hafa reglu á honum.

**Máni:** Ég veit alveg hvernig ég ætla að gera þetta, ég ætla að láta hann stækka og minnka með vissu millibili. Þá tekst mér kannski að rugla úlfinn.

**Pulur:** Máni geystist af stað ásamt þeim Bil og Hjúka. Þeir voru fljótir að ná til himins þar sem máninn flengdist áfram með Hata á hælunum. Minnstu munaði að hann glefsaði í hælana á Hjúka sem var aftastur.

**Óðinn: (tautar):** Þetta lítur ekki vel út en vonandi spjara þau sig

**Pulur:** Þegar heim kom sögðu þeir Jörðu hvað gerst hafði og voru óneitanlega svolítið áhyggjufullir.

**Vilji:** Það verður erfitt fyrir þau að hafa úlfana glorhungraða á hælunum.

**Vé:** Þvílíkar óvættir. Heldurðu að jötnarnir geti ekki séð um að kerlingin, móðir þeirra, hirði þá aftur?

**Jörð:** Örugglega ekki, mamma hefur sagt mér að skessuskömmun í Járnviði hafi enga stjórn á afkvæmunum.

**Vé:** Vonandi hefur hún ekki fætt af sér fleiri úlfa.

**Jörð:** Öðru nær, hún á einhver ósköp af þessu. Og verstur er Mánagarmur. Þegar mennirnir deyja og lífið og fjörið losnar frá kroppnum gleypir hann það. Þið getið rétt ímyndað ykkur kraftinn í honum af þessu öllu saman. Svo ælir hann blóði yfir himininn, hylur mánann og ruglar sólina og vindana.

**Vilji:** Ruglar sólina. Hvernig þá?

**Jörð:** Rænir hana birtunni, málar hana svarta og næstu sumur á eftir verður andstyggilegt veður.

**Vé:** Hefur hann gert það?

**Jörð:** Nei, en það kemur víst að því.

**Vé:** Vonandi verður langt þangað til.

## ASKUR YGGDRASILS

Persónur: Þulur, Óðinn, Þór, Urður, Verðandi, Skuld, Haukurinn, Hjörturinn, Örninn, Ratatoskur

---

- Þulur:** Óðinn horfði ánægður í kringum sig. Nú var hann kominn upp undir krónu asksins. Hún breiddi úr sér og greinarnar teygðu sig í allar áttir svo langt sem augað eygði.
- Þór:** Ég held að þær nái á heimsenda, svei mér þá.
- Óðinn:** Víst gera þær það.
- Þór:** Hvaða tré er þetta eiginlega?
- Óðinn:** Askur Yggdrasils.
- Þulur:** Efst í krónu asksins trónaði gríðarlega stór örn og á nefinu milli augna hans sat haukur. Þeir hjöluðu saman og örninn sem virtist sjá miklu lengra en haukurinn var að lýsa brúnni Bifröst fyrir honum.
- Örninn:** Gul og rauð og græn og blá. Í rauðu röndinni logar eldur.
- Haukurinn:** Veit það ekki á illt að þessi brú skuli vera komin hingað? Ég er hræddur um að allskyns ófėti leggi leið sína um hana.
- Örninn:** Nei, þetta er góð tenging við byggðirnar niðri. Og eldurinn hindrar að jötnar leggi í að ganga hana.
- Óðinn:** Örninn veit sínu viti.
- Þulur:** Rétt í því skaust íkorni eftir stofninum, alla leið upp í topp á trénu. Haukurinn varð súr á svip.
- Haukurinn:** Hana nú, kemur Ratatoskur.
- Örninn:** Varla færir hann góð tíðindi ef ég þekki hann rétt.
- Ratatoskur:** Níðhöggur segist vera á góðri leið með að naga rótina í sundur. Hann segir að Askurinn muni falla og þið hrapa niður í Ginnungagap.



**Örninn:** Veit hann ekki að þar sem áður var Ginnungagap standa nú Ásgarður, Miðgarður og Útgarður? Segðu bjálfanum að hætta að naga rótina og koma sér út og sjá hvað er að gerast í heiminum.

**Ratatoskur:** Skal gert.

**Pulur:** Hann hentist af stað niður beint af augum og á leiðinni munaði minnstu að hann lenti í árekstri við stóran hjört sem var á vappi í trjákrónunni miðri.

**Hjörturinn:** Gættu að þér, bjálfi, eða ég rek í þig hornin og sendi þig á enda veraldar!

**Ratatoskur:** Gættu þín sjálfur. Þú átt eftir að steypast á hausinn þegar Askurinn fellur og félagar þínir líka. Þið hrapið niður allir fjórir, hornin fara í mask og farið hefur fé betra.

**Þór:** Það er ekki lítið sem gengur á í þessu tré.

**Óðinn:** Fjórir hirtir rífa krónuna í sig og einhver Níðhöggur nagar rótina. Mikill má máttur þessa asks vera að hann skuli samt sem áður breiða sig út yfir heiminn allan.

**Þór:** Eigum við ekki að líta á þennan Níðhögg og reyna að koma vitinu fyrir hann?

**Óðinn:** Jú, það er kannski rétt að prófa.

**Pulur:** Þeir lögðu land undir fót. Eftir nokkurn spöl sáu þeir stóra og mikla rót teygja sig neðar og neðar. Þeir fylgdu henni eftir og komu brátt að brunni með glitrandi tæru vatni sem tveir svanir syntu á.

**Þór:** Þetta líst mér vel á, ég var orðinn svo þyrstur.

**Óðinn:** Farðu varlega. Ekki er víst að Níðhöggur bjóði gestum til vatnsdrykkju.

**Þór:** O svei, ég er ekkert hræddur við hann,

**Pulur:** Þór beygði sig niður og saup á vatninu. Þá heyrðist djúp rödd fyrir aftan þá segja:

**Urður:** Hverjir eruð þið og hver hefur gefið ykkur leyfi til að drekka úr brunninum mínum?

**Óðinn:** Hvað sagði ég ekki?

**Pulur:** Þeir litu við og brá í brún. Við þeim blasti bjartur salur og í honum stóð svipmikil kona, dökk á brún og brá með kolsvart hár sem flæddi niður yfir axlirnar. Að baki hennar birtust aðrar tvær og allar horfðu spyrjandi á Þór.

**Þór:** Ekki hefði mig dreymt um að Níðhöggur liti svona út.

**Urður:** Níðhöggur! Veistu ekki hvar þú ert staddur?

**Þór:** Jú, ég er við rót asksins, mér er sagt að Níðhöggur nagi hana.

**Urður:** Lítið veistu. Rætur asksins eru þrjár. Þessi liggur á himni eins og þið hljótið að sjá og brunnurinn hér heitir Urðarbrunnur. Rótin sem Níðhöggur dvelur við stendur yfir Niflheimi og brunnurinn þar heitir Hvergelmir. Ég hélt nú reyndar að þið vissuð það, búnir að dvelja þarna niðri allan þennan tíma.

**Óðinn:** Hvernig veist þú hvar við höfum verið?

**Urður:** Ég fylgist með öllu sem gerist í heiminum.

**Óðinn:** Þá hlýturðu að hafa séð Níðhögg. Hvaða skepna er þetta eiginlega?

**Urður:** Hann er viðbjóðslegur dreki sem á sér þá ósk heitasta að eyðileggja askinn. En honum skal ekki takast það. Við vökvum limar trésins daglega með vatninu úr Urðarbrunni og það veitir því styrk til að standast áganginn.

**Þór:** Hverjar eruð þið, með leyfi að spyrja?

**Urður:** Ég er Urður og hér eru Verðandi og Skuld.

**Pulur:** Varla hafði hún sleppt orðinu þegar sú sem bar nafnið Verðandi kipptist til.

**Verðandi:** Nú fer ég, barn er að fæðast.

**Pulur:** Hún settist á bakið á öðrum svaninum og hann flaug af stað með hana.

**Óðinn:** Hvað var nú þetta?

**Urður:** Við erum skapanornir og ráðum fyrir lífi og aldri fólks.

**Óðinn:** Jæja, ekki vissi ég að þess þyrfti.

- Skuld:** Nei, þú vissir það náttúrulega ekki. Þið bræðurnir sköpuðuð Ask og Emblu, skákuðuð þeim inn í Miðgarð og skipuðuð þeim að fylla hann af fólki. Þið hefðuð kannski átt að hugsa fyrir því að einhver þyrfti að hjálpa því og leiðbeina svo að það gæti lifað góðu lífi.
- Þór:** Góðu lífi! Ég er nú búinn að koma í Miðgarð oftast en ég get talið og þar fer misvel um mannfólkið. Sumir eru bláfátækir og margir deyja áður en þeir eru almennilega farnir að lifa lífinu.
- Urður:** Það er ekki okkar sök. Við sköpum mönnum langt líf og ríkulegt. En aðrar nornir sem koma frá álfum og dvergum verða stundum á undan okkur og þær valda illum örlögum. Þess vegna lá Verðandi svona mikið á þegar hún varð þess vör að barn var að fæðast. Þetta er eilíft kapphlaup.
- Óðinn:** Það er virðingarvert að þið skulið hugsa um mennina og bera hag þeirra fyrir brjósti. En eitt skuluð þið muna: Við gáfum þeim lífið og stærri gjöf getur enginn hlotið.
- Urður:** Við munum ekki gleyma því.
- Þór:** Þú talaðir um að rætur asksins væru þrjár. Ein er hér og önnur í Niflheimi en hvar er sú þriðja?
- Skuld:** Hún er í jötunheimum og undir henni er Mímisbrunnur. Í honum er öll speki og viska heimsins fólgin.
- Óðinn:** Ég held að við ættum að leggja land undir fót og fá okkur sopa úr honum.
- Urður:** Jötunninn Mímir gætir brunnsins og nærast á vatninu úr honum. Hann leyfir engum öðrum að bragða dropa.

**Þulur:** stundi þungan. Hann hafði verið svo upptekinn af því að skapa heiminn, skipuleggja Ásgarð, byggja stórhýsi og brúna miklu að hann hafði ekkert fylgst með því sem gerðist í kringum hann. Skapanornirnar þrjár vissu ýmislegt sem hann hafði ekki hugmynd um, Og viskan sem hann þurfti að ná sér í var geymd í brunni sem hann hafði ekki aðgang að. Hann sem átti að stjórna heiminum.

**Þór:** Ég ætla að fara og skoða Níðhögg. Ertu með?.

**Óðinn:** Ég hef öðrum hnöppum að hneppa.

**Þulur:** Þeir kvöddu Urði og Skuld, Þór settist í kerruna og þeysti af stað en Óðinn gekk hægum skrefum upp að askinum. Hann horfði þögull upp í krónuna, þreifaði eftir hand- og fótfestu og klifraði upp í hana miðja, fann sér trausta grein og settist á hana. Blærin vaggjaði henni og græn laufblöðin gældu við vangana. Smám saman fór honum að líða betur og áður en hann vissi af var hann sofnaður djúpum svefni.

## ÞINGSTAÐUR OG DÓMSTAÐUR

Persónur: Pular, Óðinn, Loki, Frigg, Freyja, Sigyn, Freyr, Urður, Skuld, Verðandi

---

- Pular:** Það var glæsileg fylking sem safnaðist saman framan við Valhöll að morgni. Og enn hafði bæst í hópinn. Ungur, afar fríður maður var mættur og leiddi konu sér við hönd. Hann gekk rakleitt til Óðins.
- Loki:** Loki heiti ég, Laufeyjarson, og þetta er Sigyn, konan mín. Við höfum áhuga á að setjast hér að. Ég hef heyrt mikið látið af snilld þinni og sjálfur kann ég ýmislegt fyrir mér svo að þið tapið ekki á að fá okkur í byggðina.
- Óðinn:** Verið þið velkomin í Ásgarð. Ef þú ert jafn klár og þú þykist vera skaltu ganga með okkur á völlinn græna hér í Ásgarði miðjum. Ég kys að nefna hann Iðavöll og þar ætlum við að reisa okkur hof.
- Loki:** Ekki skal standa á mér.
- Pular:** Þau unnu sleitulaust að byggingunni sem tók ótrúlega skamman tíma enda var einstakur hópum vaskra manna og kvenna að verki. Og Loki sannaði sig með því að vinna eins og berserkur. Hofið var gulli slegið að utan og innan og í því miðju var hásæti Óðins en umhverfis það tólf önnur sæti. Fólkið var óneitanlega fegið að tylla sér og kasta mæðinni þegar smíðinni var lokið. Óðinn stóð einn og virti hofið fyrir sér. Svo leit hann yfir hópinn.
- Óðinn:** Þetta hús nefni ég Glædsheim enda vænti ég að hér verði oft glatt á hjalla þegar við Æsir sitjum saman á þingi og ráðum ráðum okkar.
- Frigg:** Æsir! Hvað með okkur Ásynjurnar? Við erum ekki síður liðtækar í þeim efnum en þið og auk þess hjálpuðum við til að reisa hofið.

- Óðinn:** Stilltu þig, kona, ég var ekki kominn svo langt. Nú legg ég til að við byggjum hörg þar sem ásynjurnar halda sína fundi. Þær eru hvort sem er svo sjálfstæðar, vilja alltaf vera út af fyrir sig.
- Pulur:** Æsir ruku til, þeim var greinilega mikið í mun að hafa ásynjurnar góðar og tryggja að þær færu ekki að skipta sér af störfum þeirra sjálfra. Þarna risu myndarleg salarkynni en ekki voru þau eins skrautleg og Glaðsheimar því að gullið var búið í bili.
- Freyja:** Hvað eigum við að kalla salin okkar?
- Óðinn:** Mér finnst . . .
- Frigg:** (lítur hvasst á hann): Þetta er okkar salur.
- Pulur:** Æsir góndu niður á tærnar, þeir þorðu ekki að líta til Óðins, hann hlaut að vera ær af reiði. Svona hefði enginn þeirra vogað sér að tala til hans. En Óðinn tók þessu öllu með ró.
- Óðinn:** Hafðu það eins og þú vilt, góða.
- Sigyn:** Hvernig væri að nefna salinn Vingólf, hér munu aðeins vinir ganga um gólf.
- Allir:** Já, það er fínt nafn, passar alveg.
- Óðinn:** Ég hefði ekki getað fundið betra nafn sjálfur.
- Pulur:** Nú upphófust mikil veisluhöld og var borðað og drukkið lengi dags. Að vísu borðaði Óðinn ekkert, hann bara drakk. Þegar á leið kvaddi hann sér hljóðs.
- Óðinn:** Nú höfum við komið okkur upp verðugum þingstað. En þá er eftir að finna dómsstaðinn.
- Freyr:** Dómsstaðinn? Þeir sperrtu eyrun.
- Óðinn:** Staðinn þar sem við fellum dóma okkar, hann er heilagur og ég get hugsað mér að hann verði nær krónu asksins. Reyndar hef ég ákveðinn stað í huga og nú skal ég sýna ykkur hann.

**Pulur:** Þeir risu upp, misjafnlega stöðugir á fótum af því að sumir höfðu drukkið meira af víninu en aðrir. Óðinn sem hafði hesthúsað mest var þó beinn og keikur eins og hann hefði ekki bragðað dropa og skálmaði í fararbroddi. Þeir þrömmuðu upp Bifröst og ferðin tók sinn tíma, enda brúin löng. Einn af þeim nýju sem Hæfir hét var orðinn blár af mæði loksins þegar þeir komu að Urðarbrunni. Þar stansaði Óðinn. Skapanornirnar þrjár birtust óðara. Ýmsir ásanna ráku upp stór augu þegar þeir sáu þessar svipmiklu konur.

**Urður:** Hvað er ykkur á höndum?

**Óðinn:** Við leitum að hæfum stað til að fella dóma okkar og ég hef ekki séð neinn sem finnst verðugri en þessi hér.

**Skuld:** Ég get ekki sagt að mér finnist spennandi tilhugsun að hafa þetta karlastóð í kringum mig daglega.

**Verðandi:** Þetta eru nú engir venjulegir karlar, þeir eru goð. Ef þeir láta vatnið í friði og ganga vel um ætti það að vera í lagi.

**Urður:** Hvers konar dóma fellið þið?

**Óðinn:** Þeir snerta allt milli himins og jarðar, ekki síst örlög manna.

**Verðandi:** Þá getur verið gagnlegt að hafa ykkur hér. Við gætum miðlað upplýsingum hvert til annars.

**Urður:** Ég er sammála.

**Skuld:** Jæja þá, úr því að þið endilega viljið.

**Óðinn:** Þakka ykkur fyrir. Nú bið ég æsi að fá sér sæti. Hér verður enginn salur reistur, við sitjum úti í blíðunni og dæmum dóma okkar undir gjöfulli krónu Asksins Yggdrasils.

**Loki:** Það ætti ekki að væsa um okkur hjá þessum glæsilegu konum.

# HUGTAKASAFN ÚR NORRÆNNI GOÐAFRÆÐI

(Birt með góðfúslegu leyfi frá Eddu útgáfu)

**Alfaðir** er eitt af fjölmörgum heitum *Óðins*.

**Alsvinnur og Árvakur** heita hestarnir sem draga kerru *Sólar*.

**Andhrímnir** er nafn steikarans sem sýður göltinn *Sæhrímni* í katlinum *Eldhrímni* í *Valhöll*.

**Askur og Embla** eru fyrstu manneskjurnar samkvæmt sköpunarsögu norrænnar goðafræði. Þau urðu til þegar fyrstu *goðin*, *Óðinn*, *Vilji* og *Vé*, fundu tvö tré á ströndu og gerðu úr þeim mannverur. Óðinn gaf þeim anda og líf, Vilji vit og skilning og Vé mál, heyrn og sjón.

**Askur Yggdrasils** sjá *Yggdrasill*.

**Auðhumla** heitir frumkýr sem varð til þegar hrímið draup í árdaga. Úr spenum hennar runnu fjórar mjólkurár sem nærðu *hrímpursinn Ými*. Auðhumla sleikti salta hrímsteina í þrjá daga og leysti úr þeim forföður goðanna, *Búra*.

**Austri** er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum sem gerður var úr höfuðskel *Ýmis*. Austri heldur uppi austurhorni himinsins, Norðri norðurhorninu, Suðri suðurhorninu og Vestri vesturhorninu.

**Árvakur** sjá *Alsvinni*.

**Ás/Ásynjur** sjá *æsir*.

**Ása-Þór** er eitt af heitum *Þórs*.

**Ásgarður** er bústaður *ása*. Hann stendur þar sem heimurinn rís hæst og þangað má komast um brúna *Bifröst*. Þar eru bústaðir *goðanna*, m.a. *Valhöll*.

**Baldur** er einn *ásanna*, sonur *Óðins* og *Friggjar*, eiginmaður *Nönnu* og faðir *Forseta*. Bústaður Baldurs er *Breiðablik*. Baldur er bestur og vitrastur *goðanna* og eftirlæti allra.

**Bergelmir** er eini *jötunninn* sem ekki drukknaði í blóði *Ýmis*. Því eru allar ættir *hrímpursa* komnar af Bergelmi og konu hans. Ýmir var afi Bergelmis.



**Bestla** er jötnameyjar, dóttir *Bölþorns jötuns*. Með *Bor* á Bestla hin fyrstu goð, *Óðin*, *Vilja* og *Vé*.

**Bifröst** heitir brúin milli *Miðgarðs* og *Ásgarðs* sem *goðin* byggðu og sést frá jörðu sem regnbogi. Annar endi Bifrastar er á himni, hjá *Himinbjörgum* þar sem *Heimdallur* býr. Á hverjum degi ríða *æsir* yfir Bifröst að *Urðarbrunni* til dóma.

**Bil og Hjúki** heita mennsk börn sem *Máni* tók til fylgdar við sig.

**Bilskirnir** er bústaður *Þórs*.

**Bor** heitir faðir fyrstu *goðanna*, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*. Bor er sonur *Búra* og kona hans var *Bestla*, dóttir *Bölþorns jötuns*. *Jötnar* eru þannig forfeður *goðanna* og voru til á undan þeim.

**Bragi** er norræni skáldskaparguðinn, sonur *Óðins*. Þess vegna er skáldskapur oft kallaður bragur. Kona hans er *Iðunn*.

**Breiðablik** heitir bústaður *Baldurs* og *Nönnu*. Það er fagur staður þar sem aldrei verður óhreint.

**Brísingamen** er skartgripur *Freyju*.

**Búri** er ættfaðir *ásanna* sem kýrin *Auðhumla* sleikti lausan úr hrímsteinum, faðir *Bors* og afi hinna fyrstu goða, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*.

**Bölþorn** heitir faðir *jötnameyjarinnar Bestlu*.

**Dagur** er sonur *Nætur* og persónugervingur dagsins. Hann ríður hestinum *Skinfaxa* yfir himininn en móðir hans, *Nótt*, ríður *Hrímfaxa*.

**Dvergar** eru vitrar verur sem búa undir björgum og í klettum. Þeir eru miklir hagleiksmenn. Dvergarnir *Austri*, *Norðri*, *Suðri* og *Vestri* halda uppi himninum, hver í sínu horni. Í Snorra-Eddu segir að dvergar hafi kviknað niðri í jörðinni eins og maðkar í holdi, þeir fyrstu í holdi *Ýmis*.

**Einherjar** eru menn sem deyja í bardaga og *valkyrjur* fara með til *Óðins* í *Valhöll*. Einherjar berjast daglangt á *Iðavelli* en að kvöldi rísa hinir föllnu upp og setjast að drykkju. Aðeins þeir menn sem dóu í bardaga gátu orðið einherjar.

**Eldhrímnir** heitir ketillinn í *Valhöll* sem eldamaðurinn *Andhrímnir* matbýr í göltinn *Sæhrímnir*.

**Embla** sjá *Askur og Embla*.

**Epli Iðunnar** eru töfraepi sem halda *goðunum* ungum.

Gyðjan *Iðunn* gætir eplanna.

**Élivogar** er mikil á sem rennur úr *Niflheimi*. Við *sköpun*

*heimsins* flytur hún með sér kuldann sem mætir hitanum úr *Múspellsheimi* í *Ginnungagapi*. Við þann samruna kviknar fyrsta lífið, hrímþursinn *Ýmir*.

**Fensalir** heitir bústaður *Friggjar*.

**Freyja** er norræna ástargyðjan. Hún er af *vanaætt*, dóttir

*Njarðar* og systir *Freys*. Freyja ekur um á vagni sem tveir kettir draga. Auk þeirra eru einkennisgripir Freyju valshamur, gölturinn *Hildisvíni* og *Brísingamen*. Freyja er oft í forsvari fyrir ásynjur og ævinlega girnast *jötnar* hana.

**Freyr** er mestur *goða* af ætt *vana* og mikilvægasta

frjósemisgoð norrænnar goðafræði. Freyr er sonur *Njarðar* og bróðir *Freyju*. Freyr ræður fyrir regni, skini sólar og frjósemi jarðar.

**Frigg** er höfuðgyðja í heiðnum sið af *vanaætt* og einungis

*Freyja* hefur mikilvægara hlutverki að gegna. Frigg er kona *Óðins* og á með honum eina dóttur og sex syni, m.a. *Baldur*. Bústaður hennar í *Ásgarði* heitir Fensalir. Þjónustumeypjar Friggjar eru *Fulla* og *Gná*.

**Ginnungagap** er hið mikla tóm sem var til fyrir *sköpun*

*heimsins*. Fyrir norðan það varð hinn ískaldi *Niflheimur* til en að sunnan eldheimurinn *Múspellsheimur*.

**Gjallarhorn** er horn *ássins Heimdalls* sem hann blæs í til að

vara *goðin* við þegar *ragnarök* skella á.

**Goð/guð(ir)** eru af tveimur meginættum: *æsir* og *vanir*. *Æsir*

eru goð hernaðar og valda en *vanir* frjósemisgoð. Í árdaga háðu ættirnar mikil stríð en sömdu svo frið og skópu með sætt sinni manninn *Kvasi*. Goðin standa fyrir það góða í norrænni goðafræði en *jötnar* og annað illþýði það illa. Heiðnir menn trúðu á og dýrkuðu goðin og hétu á þau til ólíkra hluta. Þekkt nöfn á goðum eru: *Óðinn*, *Þór*, *Njörður*, *Freyr*, *Týr*, *Heimdallur*, *Bragi*, *Víðar*, *Váli*, *Ullur*, *Hæmir* og *Forseti*. Ekki er vitað hversu margar ásynjur voru í

raun dýrkaðar sem slíkar í heiðni en þau nöfn sem nefnd eru í fornum heimildum eru: *Frigg, Freyja, Gefjun, Iðunn, Gerður, Sigyn, Fulla, Nanna, Sága, Eir, Sjöfn, Lofn, Vár, Vör, Syn, Hlín, Snotra, Gná, Sól* og *Bil*. *Loki* er jötnaættar en ævinlega með ásum enda fóstbróðir Óðins.

**Hati** er úlfurinn sem eltir *mánann* yfir himininn og mun gleypa hann í *ragnarökum*. Úlfurinn *Skoll* eltir *sólina*.

**Heiðrún** heitir geitin sem stendur á þaki *Valhallar*. Úr spenum hennar rennur hreinn *mjöður* í drykkjarker *einherja*.

**Heimdallur** er norrænt *goð* sem stundum er sagður faðir alls mannkyns. Hann á níu mæður sem allar voru systur. Hann á hestinn *Gulltopp* og lúðurinn *Gjallarhorn* og heyrir blástur hans í alla heima. Heimdallur býr í *Himinbjörgum* við *Bifröst* og gætir brúarinnar fyrir *bergrisum*. Hann þarf minni svefn en fugl og sér jafnt nótt sem dag hundrað rastir frá sér. (Röst er forn mælieining sem nemur um 12 km.) Hann heyrir og gras vaxa á jörðu og ull á sauðum. Hann er svarinn óvinur *Loka*.

**Hel** heitir heimur hinna dauðu. Til Heljar koma þeir menn sem deyja ekki í bardaga. Vegurinn til Heljar nefnist *Helvegur*.

**Himinbjörg** heitir bústaður *Heimdallar* sem stendur við himins enda, við brúarsporð *Bifrastar*.

**Hjúki** sjá *Bil*.

**Hliðskjálf** er háseti *Óðins* og þaðan má sjá um heima alla.

**Hrímfaxi** heitir hesturinn sem *Nótt* ríður yfir heiminn.

**Hrímpursar** er annað heiti á *jötnum*. Það á rætur að rekja til þess að forfaðir jötna, *Ýmir*, varð til við *sköpun heimsins* þegar hrím mætti hita.

**Hræsvelgur** heitir *jötunn* í arnarham sem situr á enda heimsins og kemur vindinum af stað með vængjaslögum sínum.

**Hvergelmir** er uppspretta í *Niflheimi*, undir *Aski Yggdrasils*, sem úr falla ellefu ár. Í honum eiga öll vötn heimsins upptök sín. Í Hvergelmi býr *Níðhöggur*.

**Iðavöllur** er goðsögulegur völlum í miðjum *Ásgarði* þar sem askur *Yggdrasils* stendur. Á Iðavelli berjast *einherjar* dag hvern.

**Iðunn** er ein af *ásynjum* norrænu goðafræðinnar, gyðja ástar og æsku og kona *Braga*. Iðunn ræður yfir æskueplunum sem æsir éta til að halda sér ungum.

**Jörð** er goðvera sem telst til *ásynja* en er einnig sögð tröllkona. Þór er sonur hennar og *Óðins*.

**Jötunheimur, -heimar** er ógnvænlegt jötnaríki sem liggur utan *Miðgarðs* og skilja ár það frá mannheimi. Einnig nefndur *Útgarður*.

**Loki** er flóknasta og jafnframt neikvæðasta persónan í goðafræðinni. Faðir hans er jötunninn Fárbaumi, móðir hans heitir Laufey eða Nál. Kona Loka heitir *Sigyn* og synir þeirra eru Narfi og Váli.

**Máni** er sonur *Mundilfara* og bróðir *Sólar*. Hann keyrir vagn mánans yfir himinhvolfið.

**Miðgarður** heitir miðja heimsins og sá staður þar sem mannfólkið býr.

**Mundilfari** er faðir *Sólar* og *Mána* sem *æsir* köstuðu upp á himininn.

**Múspellsheimur** heitir eldheimur og þaðan kom hitinn við *sköpun heimsins*.

**Múspellssynir** eru eldjötnar.

**Naglfar** er skip hinna dauðu sem sjósett er í *ragnarökum* og flytur *Múspellssyni* til bardaga við *goðin*. Naglfar er gert af nöglum dauðra manna og er stærst allra skipa.

**Nanna** er ein af *ásynjunum*, eiginkona *Baldurs*, dóttir Neps og móðir *Forseta*.

**Niflheimur** heitir staður í norðri sem var til fyrir *sköpun heimsins*. Milli hans og hins heita *Múspellsheims* er *Ginnungagap*. Ein af rótum asks *Yggdrasils* stendur yfir Niflheimi og undir henni er brunnurinn *Hvergelmir*.

**Níðhöggur** er dreki sem drekkur blóð dauðra og étur lík.

Einnig er sagt að hann búi undir aski *Yggdrasils* og nagi rætur hans.

**Njörður** er norrænt goð af *vanaætt*, faðir systkinanna *Freys* og *Freyju*. Njörður er sjávar- og frjósemisgoð.

**Nóatún** er bústaður goðsins *Njarðar*.

**Norðri** sjá *Austri*.

**Nornir** skapa mönnum örlög samkvæmt norrænni goðafræði.

Við *Urðarbrunn* sitja örlaganornirnar þrjár, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, og ráða örlögum manna.

**Nótt** er persónugervingur næturinnar.

**Óðinn** er æðsta goð norrænar goðafræði. Hann er aðallega goð skáldskapar, hernaðar og dauðans en einnig goð töfra, galdra og rúnastafa. Óðinn og bræður hans, *Vilji* og *Vé*, voru fyrstu goðin. Þeir eru synir *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*. Óðinn er kvæntur *Frigg* og þekktustu synir hans eru *Baldur* (með *Frigg*), *Þór* (með *Jörð*) og *Váli* (með *Rindi*), en börn Óðins eru miklu fleiri. Bústaður Óðins í *Ásgarði* heitir *Glaðsheimur*, þar er höllin *Valhöll* og hásætið *Hliðskjálf* þaðan sem Óðinn sér um heima alla.

**Ratatoskur** heitir íkorninn sem hleypur upp og niður stofn asks *Yggdrasils* og ber öfundarorð á milli drekans *Níðhöggs*, sem nagar rætur asksins, og arnarins sem situr í greinum hans.

**Sif** er ein *ásynjanna*, eiginkona *Þórs* og móðir *Ullar*. Hún er frægust fyrir mikið og fallett hár.

**Sigyn** er eiginkona *Loka* og ein *ásynjanna*.

**Skinfaxi** heitir hesturinn sem *Dagur* ríður.

**Skoll** heitir úlfurinn sem eltir *sólina* á ferð hennar yfir.

**Skuld** sjá *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*; *norn*.

**Sól** er dóttir *Mundilfara* og systir *Mána*. Hún keyrir vagn sólarinnar um himinhvolfið sem hestarnir *Alsvinnur* og *Árvakur* draga.

**Suðri** er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum. Sjá *Austri*.

**Sæhrímnir** er gölturinn sem steikarinn *Andhrímnir* sýður dag hvern í katlinum *Eldhrímn* handa *einherjum* í *Valhöll* eftir að þeir hafa barist allan daginn. Kjötið af Sæhrímn nægir alltaf til að metta einherjana, sama hversu margir þeir eru, og á hverjum morgni rís gölturinn alheill upp á ný.

**Tanngnjóstur og Tanngrisnir** heita hafrar Þórs. Þeim má slátra og éta að kvöldi. Ef öllum beinum er kastað á húðirnar og *Mjölni* sveiflað yfir rísa þeir heilir upp að morgni.

**Tröll, jötunn og þurs** eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og Þór berst gjarnan við.

**Týr** er norræna himin-, stríðs- og þinggoðið, jötunninn Hymir er nefndur sem faðir hans en einnig sjálfur *Óðinn*. Hvergi er nefnt að hann eigi konu eða afkomendur.

**Ullur** er eitt *godanna*, sonur *Sifjar* og stjúpsonur Þórs.

**Urðarbrunnur** er undir þeirri rót asks *Yggdrasils* sem stendur á himni. Þar eiga *godin* dómstað sinn og þar er fagur salur þar sem örloganornirnar, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, sitja og skapa mönnum örlög. Á hverjum degi taka nornirnar vatn úr brunninum og ausa upp yfir askinn.

**Útgarður** eða jötunheimar er svæðið sem liggur utan þess hluta heimsins sem menn og *goð* byggja og er bústaður *jötna*, *þursa* og annars illþýðis. Í *Útgarði* er illt að vera og erfitt að rækta jörðina og því sækja jötnar sífellt í land *ása*.

**Valhöll** heitir bústaður *Óðins* í *Ásgarði* og þangað safnar hann öllum þeim sem deyja í bardaga og gerir þá að *einherjum*. Veggir Valhallar eru þaktir spjótum og skjöldum og brynjur liggja á bekkjum. *Valkyrjur* vísa einherjum til sætis í Valhöll þar sem þeir borða kjöt af geltinum *Sæhrímn* og drekka mjöd úr spenum geitarinnar *Heiðrúnar*.

**Valkyrjur** eru stríðsmeyjar sem hafa áhrif á gang orrustu. Þær ráða því hverjir deyja og verða að *einherjum*. Valkyrjur færa *Óðni* hinar föllnu hetjur til *Valhallar* og bera *einherjum* öl.

**Vanir** er önnur tveggja goðaætta (hin er *æsir*) og kemur úr Vanaheimum.

**Vé(i)** er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, bróðir *Óðins* og *Vilja*.

**Vilji** er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, og bróðir *Óðins* og *Vés*.

**Vingólf** eða **Víngólf** er fagur salur gyðjanna í *Ásgarði*.

**Víðar** heitir einn *ásanna*, sonur *Óðins* og tröllkonunnar *Gríðar*.

**Völva** er kona sem getur spáð fyrir um framtíðina.

**Yggdrasill** eða **askur Yggdrasils** heitir heimstré hinna norrænu goðsagna. Króna hans breiðir sig yfir allan heiminn og rætur hans teygja sig til þriggja átta. Ein rótin nær til *Niflheims*, þar er brunnurinn *Hvergelmir* og drekinn *Níðhöggur* nagar rótina. Önnur rótin er í *Jötunheimum*, þar er *Mímisbrunnur* og vitri jötunninn *Mímir*. Þriðja rótin er á himnum, við hana er *Urðarbrunnur*.

**Ýmir** heitir frumjötunn norrænu sköpunarsögunnar. Hann var tvíkynja og jók kyn sitt þannig að annar fótur hans eignaðist son með hinum og eru þaðan komnar ættir *hrímþursa*.

**Þór** er hinn norræni þrumuguð. Hann er sonur *Óðins* og bróðir *Baldurs*. Móðir Þórs er *Jörð*. Nöfn allra barna Þórs minna á ógurlega krafta hans: synir hans eru *Móði* og *Magni* og dóttir hans heitir *Þrúður*. Kona Þórs heitir *Sif* og *Ullur* er stjúpsonur hans. Þór er stór vexti, sterklegur og rauðskeggjaður, með stingandi augnaráð og mikill drykkju- og matmaður. Þór er sterkastur *ása* og ver *goð* og menn gegn hættulegum öflum *Útgarðs*: *jötnum* og *Miðgarðsormi*. Höll Þórs stendur á Þrúðvangi í *Ásgarði* og heitir *Bilskirnir*. Þór á mikinn vagn sem hafrarnir *Tanngrisnir* og *Tanngnjóstur* draga.

**Þrúðvangur** er staður í *Ásgarði* þar sem bústaður *Þórs*, *Bilskirnir*, stendur.

**Þurs**, *jötunn* og *tröll* eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og *Þór* berst gjarnan við.

**Æsir** eru stærri ættin í norrænni goðafræði. Hin ættin er *vanir*. Til ása teljast helstu og æðstu *goðin*. Eftir *sköpun heimsins* bjuggu æsir til röð og reglu, settu *sól* og *mána* upp á himininn þannig að sólarhringurinn skiptist í *dag* og *nótt*. Þeir reistu *Ásgarð*. Vegna *epla Iðunnar* haldast æsir síungir.

**Öku-Þór** er auknefni *Þórs* sem væntanlega er dregið af því að einn einkennisgripa *Þórs* er vagn sem dreginn er af tveimur höfrum, *Tanngnjósti* og *Tanngrisni*.